




SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS

UPPBYGGINGARSJÓÐUR
AUSTURLANDS

ÚTHLUTUNAR-
REGLUR
ÁHERSLUR
MAT UMSÓKNA
2025-2029



Ábyrgðarmenn: Gabríel Arnarsson, Tinna Halldórsdóttir
og Signý Ormarsdóttir, Austurbrú
uppbyggingarsjodur@austurbru.is



EFNISYFIRLIT

Um sjóðinn	4
Áherslur, markmið og hugmyndafræði	6
Úthlutunarreglur	8
Styrkhæfur kostnaður	10
Útlit og frágangur umsóknar	12
Sérhæft mat umsókna um styrki til menningarverkefna	18
Sérhæft mat umsókna um atvinnu- og nýsköpunarstyrki	20
Sérhæft mat umsókna um stofn- og rekstrarstyrki	22
Matsblað	23

UM SJÓÐINN

Hlutverk og tilgangur Uppbyggingarsjóðs Austurlands er að styrkja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni á Austurlandi í samræmi við samning um Sóknaráætlun landshlutans.

Uppbyggingarsjóður Austurlands er samkeppnissjóður og eru umsóknir metnar út frá markmiðum og áherslum sem fram koma í Sóknaráætlun Austurlands 2025-2029 og þeim reglum og viðmiðum sem hér koma fram. Sóknaráætlun Austurlands er aðgerðaáætlun sem byggir á svæðiskipulagi Austurlands sem gildir til 2044.

Úthlutað er úr sjóðnum árlega til verkefna á sviði menningar annars vegar og til atvinnu- og nýsköpunarverkefna hins vegar. Stofn- og rekstrarstyrkjum er úthlutað til tveggja eða þriggja ára. Auglýst er eftir umsóknum sem berast þurfa innan þess tímaramma sem gefinn er hverju sinni. Auglýst er eftir umsóknum um stofn- og rekstrarstyrki reglulega og kemur það fram í auglýsingu hvers árs hvort opið er fyrir slíkar umsóknir. Umsóknir eru metnar af fagráðum sem eru tvö; fagráð menningar og fagráð atvinnu- og nýsköpunar. Í fagráðum sitja fimm fulltrúar sem skipaðir eru á faglegum forsendum af stjórn SSA. Fagráð skila niðurstöðum sínum til úthlutunarnefndar sem skipuð er af stjórn SSA og tekur ákvörðun um úthlutun. Fagráð menningar metur umsóknir um stofn og rekstrarstyrki.

Austurbrú fer með umsýslu og verkefnastjórn Uppbyggingarsjóðs í umboði Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Frekari upplýsingar um Uppbyggingarsjóð Austurlands má finna á **austurbru.is/uppbyggingarsjodur**



ÁHERSLUR, MARKMIÐ OG HUGMYNDA- FRÆÐI

Áherslur og hugmyndafræði Uppbyggingarsjóðs byggir á Sóknaráætlun Austurlands 2025-2029 og er sett fram fyrir málefnaflokkana tvo sem áætlunin nær yfir; menningu og atvinnu. Í áherslunum felast bæði ákveðin viðmið um verkefni og hvatning til aðgerða.

Litið er til þessara áherslna við mat á umsóknum.

Áherslur verkefna sem fá styrk úr Uppbyggingarsjóði þurfa að endurspegla og tengjast þeim markmiðum og aðgerðum sem koma fram í Sóknaráætlun Austurlands 2025-2029.

Eftirfarandi áherslur gefa aukið vægi í mati fagraða:

MENNING

- Menningar- og listverkefni sem tengjast börnum og ungmennum.
 - Verkefni sem auka aðgengi, efla skilning, víkka sjóndeildarhring eða bæta við upplifun barna og ungmenna **á hátt sem hefðbundin menningarverkefni skóla ná ekki yfir.**
- Tenging menningar við ferðamennsku og íþróttir.
- Samstarfsverkefni við söfn og menningarstofnanir.
- Atvinnuskapandi verkefni á sviði menningar.
 - Verkefni sem skapa störf; tímabundin og til langtíma. Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í menningu.

ATVINNA

- Stuðningur við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi sérstaklega meðal ungs fólks.
- Áhersla á að liðka til fyrir kynslóðaskiptum í rekstri og yfirfærslu þekkingar í atvinnustarfsemi, framleiðslu og rekstri.
- Verkefni sem nýta betur eða á nýstárlegan hátt austfirsk hráefni, t.a.m. í landbúnaði, matvælaframleiðslu og iðnaði.
- Verkefni sem stuðla að nýtingu austfirsku skógarauðlindarinnar.
- Efling Austurlands sem áfangastaðar; ferðapjónustu og sérstaklega verkefni sem miða að heilsárs-/vetrarferðamennsku.

STOFN & REKSTUR

- Stuðningur við lögaðila á sviði menningar.
- Stuðningur við stofnanir í menningarstarfsemi sem starfa eftir mikilli fagmennsku, skýrri framtíðarsýn og sterkri hugsjón.
- Starfsemi aðilans hefur skýrt samfélagslegt og menningarlegt gildi fyrir Austurland.
- Stuðningur við starfsemi sem einkennist af þróun, framsækni og tilraunum til sérstöðu.

ÚTHLUTUNAR- REGLUR

Umsóknum skal skilað með rafrænum hætti gegnum umsóknagátt samkvæmt leiðbeiningum. Umsókn skal vera vönduð, skýr og innihalda raunhæfa verk- og kostnaðaráætlun. Úthlutunarnefnd er heimilt að hafna umsókn teljist hún ekki útfyllt á fullnægjandi hátt og hún er þá ekki tekin til efnislegrar meðferðar. Niðurstaða úthlutunar er endanleg og ekki er hægt að fara fram á endurmat á einstökum umsóknum. Hægt er að óska eftir rökstuðningi varðandi synjun umsókna*.

1

Umsækjendur í Uppbyggingarsjóð Austurlands geta verið: lögráða einstaklingar og lögaðilar með lögheimili á Austurlandi eða sterka tengingu við landshlutann.

2

Umsækjandi skal sýna fram á að minnsta kosti 50% mótframlag á móti styrk sjóðsins. Gera þarf skýra grein fyrir mótframlaginu, þ.e. vinnuframlagi, fjármagni eða öðru. Með umsókn skal fylgja staðfesting á mótframlagi og þátttöku annarra aðila í verkefninu.

3

Umsækjanda er heitið trúnaði varðandi umsókn en birtur verður opinberlega listi yfir styrkþega, heiti verkefna, stutt lýsing á verkefni, styrkupphæðir og heildarkostnað.

4

Umsækjandi skal hafa gengið frá lokaskýrslu vegna fyrri styrks áður en sótt er um nýjan styrk, hvort heldur er til framhaldsverkefnis eða nýs verkefnis. Undan-tekningar frá þessari reglu þarf að sækja um til verkefnastjóra sjóðsins.

5

Umsækjandi ábyrgist að öll tilskilin leyfi séu fyrir framkvæmd verkefnis. Verkefni skal að jafnaði ekki standa yfir lengur en í eitt ár. Vegna langtímaverkefna skal gera grein fyrir áföngum verkefnis og sækja um styrk fyrir afmörkuðum hluta þess sem ljúka eigi á verkefnaári úthlutunar. Úthlutun til eins hluta verkefnis sem stendur yfir í lengri tíma en eitt ár, er ekki trygging fyrir áframhaldandi stuðningi úr sjóðnum.

6

Umsækjendur samþykkja skilmála Uppbyggingarsjóðs við skil á umsókn. Þar er tekið fram hvernig staðið er að styrkveitingum og hvaða breytingar kunna að verða, t.d. ef úthlutun verður lægri en sótt var um. Ef styrkur er verulega lægri en umsókn gerði ráð fyrir getur verkefnastjóri óskað eftir endurskoðaðri kostnaðar-áætlun og gert samning þess efnis. Styrkir eru greiddir samkvæmt skilmálum sjóðsins og lokagreiðsla fer aðeins fram eftir að fullnægjandi lokaskýrsla hefur verið skilað.

7

Styrkir greiðast í tvennu lagi; 60% við undirritun samnings og 40% eftir fullnægjandi skil lokaskýrslu ásamt viðeigandi fylgiskjöllum.

8

Í lokaskýrslu skulu koma fram upplýsingar um framvindu og árangur verkefnisins. Gera þarf grein fyrir öllum breytingum á verkefni frá samþykktari umsókn, t.a.m. ef kostnaður eða fjármögnun hefur vikið frá áætlun. Lokaskýrsla er forsenda lokagreiðslu. Úthlutunarnefnd getur tekið ákvörðun um að hafna lokagreiðslu ef verulegar breytingar eða tafir hafa orðið á verkefni. Áriðandi er að styrkþegar beri fyrirsjáanlegar breytingar undir verkefnastjóra og/eða úthlutunarnefnd áður en til þeirra kemur. Ljúki verkefni ekki innan verkefnaársins skal styrkþegi leggja fram greinargerð með ítarlegum skýringum á töfum eða endurgreiða styrkinn. Úthlutunarnefnd afgreiðir slíkar greinargerðir.

9

Styrkþegar stofn- og rekstrarstyrkja skulu hvert ár skila inn árskýrslu og ársreikningi til sjóðsins, þar sem fram kemur hver helstu verkefni, tekjur, gjöld og vörður voru í starfsemi styrkþega.

10

Ef ekki er fallist á greinargerð um seinkun eða umtalsverða breytingu á verkefni getur úthlutunarnefnd farið fram á endurgreiðslu. Með umtalsverðri breytingu er t.d. átt við ef breytingin gerir það að verkum að verkefnið er ekki lengur í samræmi við markmið sjóðsins, brjóti í bága við úthlutunarreglur eða breytingar eru þess eðlis að taka þyrfti umsókn aftur til umfjöllunar í fagráðum. Verði fyrir mistök eða miskilning ofgreiðsla til verkefnis áskilur sjóðurinn sér einnig að krefjast endurgreiðslu. Ef ekki er brugðist við beiðni um endurgreiðslu ofgreiddrar upphæðar, mun krafa verða stofnuð til að innheimta upphæðina. Ef styrkþegi verður var við ofgreiðslu skal hann láta vita af því án tafar.

11

Með umsókn í Uppbyggingarsjóð staðfestir umsækjandi, með vísan til reglugerðar ESB nr. 1407/2013 um minniháttar aðstoð (de minimis aid), að opinber stuðningur vegna verkefnisins fer ekki yfir 200.000 evrur samanlagt, að meðtöldum þeim stuðningi sem sótt er, á tveimur næstliðnum reikningsárum og yfirstandandi reikningsári. Úthlutunarreglur endurskoðast árlega af úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands og samráðsvettvangi Sóknaráætlunar Austurlands og eru samþykktar af stjórn SSA.

*Úr lögum nr. 37/1993: 21. gr. HVENÆR VEITA SKAL RÖKSTUÐNING. Aðili máls getur krafist þess að stjórnvald rökstyðji ákvörðun sína skriflega hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Ákvæði 1. mgr. gildir þó ekki ef: 1. umsókn aðila hefur verið tekin til greina að öllu leyti. 2. um er að ræða einkunnir sem veittar eru fyrir frammistöðu á prófum. 3. um er að ræða styrki á sviði lista, menningar eða vísinda. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því að hún barst.

STYRKHÆFUR KOSTNAÐUR

Uppbyggingarsjóður Austurlands fjármagnar styrkhæfan kostnað verkefna. Fjármögnunarhluti sjóðsins í verkefnum getur ekki verið hærri en styrkhæfur kostnaður þess. Ekki er gerð krafa um að sá kostnaður umfram þann sem fjármagnaður er af sjóðnum sé styrkhæfur. Styrkhæfur kostnaður skal koma fram í kostnaðar-áætlun umsóknar og til hans teljast eftirfarandi þættir:

Laun & launatengd gjöld

Vinnuframlag miðast við unnar stundir umsækjanda eða samstarfsaðila og er viðmiðunartaxti á hverja vinnustund 6.000 kr. Heimilt er að reikna með öðrum taxa sem gildir fyrir þátttakendur í hverju tilviki fyrir sig, þó ekki lægri en viðmiðunartaxta. Halda skal tímaskýrslur yfir vinnu við verkefnið og skal skila þeim inn með öðrum skjölum vegna kostnaðar við verkefnið. Athuga skal að þiggi samstarfsaðili greiðslu fyrir sína vinnu að hluta, fer sá kostnaður undir aðkeypta þjónustu.

Ferða- & fundakostnaður

Gerð skal grein fyrir öllum ferðum, bæði erlendis og innanlands; tilgangi ferða og áfangastað. Leitast skal við að velja hagkvæmasta og umhverfisvænasta ferðamáta hverju sinni.

Aðkeypt þjónusta

Í umsókn skal skilgreina aðkeypta þjónustu eða ráðgjöf; hvaðan þjónustan er keypt, hvað felst í henni, kostnað og áætlaðan afrakstur. Vinna umsækjanda eða samstarfsaðila fellur ekki undir aðkeypta þjónustu.

Tæki, tól, aðföng og búnaður

Lýsa þarf í umsókn hvers konar aðföng eru nauðsynleg fyrir verkefnið. Almennur búnaður, s.s. skrifstofubúnaður er ekki styrkhæfur. Hægt er að óska eftir því að sjóðurinn taki þátt í fjármögnun nauðsynlegs og/eða sérhæfðs búnaðar vegna verkefnis. Úthlutunarnefnd tekur afstöðu til beiðna um kaup á sérhæfðum búnaði út frá ýmsum þáttum s.s. staðsetningu, áhrifum á þróun byggðalaga og atvinnugreina, nýnæmni o.fl. Umsækjandi verður að rökstyðja ítarlega kaup á búnaði ef óskað er eftir því hann sé styrktur. Sé sérhæfði búnaðurinn meginkostnaður umsóknarinnar, þurfa að fylgja með gögn á borð við verðtilboð, samanburð á búnaði, hagkvæmni á kaupum fram yfir leigu o.s.frv.

UPPBYGGINGARSJÓÐUR STYRKIR EKKI

- Kaup á hlutabréfum, skuldabréfum, lóðum, fasteignum eða öðrum fastafjármunum nema þeir hafi hlotið samþykki sem sérhæfður búnaður (sjá 4. gr. styrkhæfur kostnaður). Sjóðurinn fjármagnar ekki kostnað vegna leyfis- eða skráningagjalda.
- Almennan/daglegan rekstur lögaðila.
- Verkefni þar sem styrkur gengur í berhögg við 16. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.
- Kostnað sem fallið hefur til fyrir upphaf verkefnaárs.
- Verkefni sem augljóslega eiga möguleika á fjármagni úr öðrum sjóðum, s.s. fagsjóðum eða öðrum opinberum sjóðum.

ÚTLIT & FRÁGANGUR UMSÓKNA

A-HLUTI

Í lýsingu skal vera skýrt hvers konar verkefni er um að ræða, hver er tilgangur þess og markmið. Í lýsingu kemur fram hvað skal framkvæma, hvenær og hver afurðin er. Lýsing verkefnis skal vera þannig frágengin að hægt sé að birta stutta lýsingu verkefnis óbreytta og lengri lýsing verkefnis sé þannig framsett að lesandi umsóknar geti lagt mat á hvort umsókn eigi erindi í frekara mat. Heimilt er að vísa umsókn frá uppfylli hún ekki lágmarkskröfur hvað varðar frágang.

Umsókn skal fylgja kostnaðar- og fjármögnunaráætlun sem er sundurliðuð á umsóknarblaði undir *Fjármögnun* og *Kostnaður*. Gerð er krafa um að í umsóknarformi komi fram helstu kostnaðarliðir verkefnisins svo að lesandi átti sig strax á trúverðugleika fjármögnunar og kostnaði við verkefnið. Í umfangsmiklum verkefnum með marga kostnaðar- og fjármögnunarliði skal fylgja Excel-skjal með frekari sundurliðun. Mikilvægt er að öllum fylgiskjölum sem við eiga sé skilað inn, s.s. viðskiptaáætlunum og rekstraryfirlitum.

Verkátun verkefnis skal lýsa tímalínu sem sýnir framkvæmd verkefnis.



Viðmiðunarpættir:

- Útfylling umsóknar og verkefnislýsing
- Kostnaðaráætlun
- Fjármögnun
- Verk- og tímaáætlun

Matspættir:

- Umsókn er vel unnin, skýr og greina-góð lýsing á verkefni.
- Umsókn uppfyllir lágmarkskröfur og verkefnislýsing ásættanleg.
- Umsókn uppfyllir ekki lágmarkskröfur.
- Áætlun um fjármögnun er skýr og trúverðug.
- Áætlun um fjármögnun er skýr en ótrúverðug.
- Áætlun um fjármögnun er óskýr og ótrúverðug.
- Kostnaðaráætlun er skýr og raunhæf.
- Kostnaðaráætlun er skýr en óraunhæf.
- Kostnaðaráætlun er óskýr og óraunhæf.
- Tíma- og verkátun er góð og áætluð framkvæmd innan verkefnaársins.
- Framkvæmd verkefnis áætluð innan verkefnaársins en verkátun ekki skýr.
- Verk- og tímaáætlanir eru ekki full-nægjandi.

B-HLUTI

Hér er litið til þess hvernig verkefni uppfyllir þá þætti og áherslur sem mikilvægt er séu til staðar í verkefnum sem studd eru af Uppbyggingarsjóði Austurlands.

Verkefni skulu styðja við markmið Sóknaráætlunar og þær áherslur og hugmyndafræði sem fram koma þar hvað varðar samfélagsþróun, menningu, atvinnulíf og umhverfi. Umsækjendur þurfa að vísa í Sóknaráætlun í umsóknum sínum og sýna fram á hvernig verkefni þeirra tengist Sóknaráætlun Austurlands.

Verkefni þurfa að fara fram á Austurlandi. Kostur er að verkefni fari fram á svæðisvísu. Kostur er að umsækjandi eigi lögheimili á Austurlandi eða tengist Austurlandi á einhvern hátt. Þannig geta brottfluttir Austfirðingar sem eru styrkur fyrir svæðið, haldið sínum tengslum eða búið til farveg til að skila ákveðinni þekkingu eða tengslaneti austur og tengt svæðið út á við.

Verkefni sem eru samstarf tveggja eða fleiri aðila eru ákjósanleg enda er samnýting þekkingar, tækja og tóla ætíð kostur. Mikilvægt er þó að líta til þess að ekki öll verkefni bera samstarf og þarf að meta slíkt fyrir hvert tilvik. Í verkefnum þar sem aðkoma fagaðila og fræðastofnana á sviði verkefnis er ákjósanleg, ber að meta verkefnið í því samhengi. Umsækjandi ætti ætíð að leita til sérfræðinga og fagaðila sér til stuðnings þar sem við á og nýta þá kosti sem slíkt samstarf getur falið í sér. Verkefni sem fela í sér slík tengsl bera vott um fagmennsku og metnað sem er mikilvægt að sé til staðar og bendir til þess að umsækjandi hafi kannað forsendur og kynnt sér það svið sem verkefnið tengist.

Þegar lagt er mat á hvort verkefni er verðmætt fyrir samfélagið er litið til þriggja þátta sem algengt er að nota til að meta fjölþætt virði og áhrif og mikilvægt er að hafa í huga að þættirnir eru allir jafngildir; menningarlegt, félagslegt og efnahagslegt virði. Verkefni sem fela í sér verðmæti á öllum þessum sviðum eru Austurlandi mikilvæg. Ennfremur er litið til þess hve víðtæk áhrif verkefna eru; hvort þau nái að takmörkuðu leyti út fyrir þann stað sem þau eru framkvæmd eða hafi áhrif víðar á svæðinu og jafnvel á allan landshlutann. Í þessu samhengi ber þó að horfa til stærðar samfélaga innan landshlutans og meta áhrif í því samhengi.

Umsækjandi sýnir fram á hvernig hæfni hans og færni styðja við framgang verkefnis. Slíkt má gera með vísan í ferliskrá, samantekt um fyrri verkefni eða hvað eina sem sýnir að umsækjandi sé líklegur til að geta framkvæmt verkefnið eins og það er sett upp. Ennfremur er óskað eftir að gerð sé grein fyrir þekkingu og reynslu samstarfsaðila. Ekki er nóg að hengja bara ferliskrá við umsókn heldur þarf að fylla út í þann hluta umsóknar þar sem beðið er um þessa lýsingu.

Heildarmat á líkum þess að verkefnið muni ganga eins og því er lýst byggir á þverfaglegu mati fagraðs og liggja til grundvallar allir þeir þættir sem fram koma á matsblaði. Tilgangur fagraða er að meta umsóknir út frá matsviðmiðum en auk þess er fagþekking og reynsla þeirra sem skipa fagraðin verkfæri til að leggja heildarmat á umsókn.

Viðmiðunarpættir:

- Tenging við Sóknaráætlun Austurlands
- Staðsetning
- Samstarf
- Samfélagsleg uppbygging



Matsþættir:

- Engin tenging er við markmið Sóknaráætlunar hvað varðar menningu og atvinnu.
- Illa rökstudd tenging en getur þó fallið undir markmið Sóknaráætlunar hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi.
- Skýr tenging er við eitt eða fleiri markmið Sóknaráætlunar hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi.
- Verkefnið fer fram á Austurlandi og umsækjandi býr á Austurlandi.
- Verkefnið fer fram á Austurlandi. Umsækjandi býr ekki á Austurlandi en hefur sterka tengingu við Austurland.
- Verkefnið fer fram á Austurlandi en umsækjandi hefur enga tengingu við Austurland.
- Samvinna/samstarf er óverulegt eða ekki fyrir hendi. Ekki eru tengsl við fag- eða fræðastofnanir.
- Samvinna/samstarf tveggja aðila að einhverju leyti. Einhver tengsl eru við fag- eða fræðastofnanir
- Samvinna/samstarf er skýrt milli tveggja eða fleiri aðila. Sterk tengsl við fag- eða fræðastofnanir
- Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif hvað varðar menningu og/eða atvinnulíf og virði þess fyrir samfélagið óljóst.
- Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum hvað varðar menningu og/eða atvinnulíf og virði fyrir samfélagið. Verkefnið takmarkast við ákveðið svæði.
- Miklar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum hvað varðar menningu og atvinnulíf.
- Verkefnið er verðmætt fyrir samfélagið. Verkefnið nær yfir stórt svæði í landshlutanum eða allt Austurland.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er ekki lýst á þann hátt í umsókn að það styðji við að verkefnið verði unnið á fullnægjandi hátt.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að nokkrar líkur eru á að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á fullnægjandi hátt.
- Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að mjög líklegt þykir að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á sannfærandi og fullnægjandi hátt.
- Litlar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Umsókn uppfyllir ekki matsviðmið á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er óljós eða ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir.
- Nokkrar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga og ætlaður árangur náist. Umsókn uppfyllir hluta matsviðmiða á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er nokkuð skýr en ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir á fullnægjandi hátt.
- Miklar líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga eins og því er lýst í umsókn. Umsókn er trúverðug og uppfyllir matsviðmið á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnisins er skýr.



SÉRHÆFT MAT UMSÓKNA UM STYRKI TIL MENNINGARVERKEFNA

C-HLUTI

Hér er litið til þess hvernig verkefni snertir áherslupætti og markmið Uppbyggingarsjóðs Austurlands og hvernig fagmennska og listrænt gildi kemur fram. Ennfremur er litið til þess hvort verkefni snerti áherslur og markmið menningar í Sóknaráætlun Austurlands.

- Menningar- og listverkefni sem tengjast börnum og ungmennum.
- Verkefni sem auka aðgengi, efla skilning, víkka sjóndeildarhring eða bæta við upplifun barna og ungmenna á hátt sem hefðbundin menningarverkefni skóla ná ekki yfir.
- Tenging menningar við ferðamennsku og íþróttir.
- Samstarfsverkefni við söfn og menningarstofnanir.
- Atvinnuskapandi verkefni á sviði menningar.
- Verkefni sem skapa störf; tímabundin og til langtíma. Nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi í menningu.

Lagt er mat á listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis sem þar sem sótt er um styrki til menningarverkefna. Í því felst að verkefnið er skoðað í stærra samhengi og litið til áhrifa þess á menningarlíf og samfélag í landshlutanum. Ennfremur er horft til fagmennsku þeirra sem að verkefninu standa. Að auki er litið til þeirra strauma og stefna sem ríkja á því fagsviði sem verkefnið tengist. Verkefni sem skapa störf á sviði lista og menningar eru æskileg hvort sem um er að ræða tímabundin störf eins og algengt er á því sviði eða skapandi störf til lengri tíma.

Viðmiðunarpættir:

- Listrænt eða menningarlegt gildi
- Fagmennska



Matsþættir:

- Listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis er takmarkað. Verkefnið skortir faglega nálgun, heildarsýn eða faglegt samhengi. Verkefnið hefur takmörkuð menningarleg áhrif í för með sér. Verkefnið skapar engin eða afar takmörkuð störf á sviði menningar. Verkefnið tengist ekki eða óljóst áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi menningu.
- Listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis er nokkuð. Verkefnið hefur faglega nálgun, heildarsýn eða faglegt samhengi. Verkefnið hefur nokkur menningarleg áhrif í för með sér og/ eða hefur fræðslugildi á afmörkuðu svæði. Verkefnið skapar takmörkuð störf á sviði menningar. Verkefnið tengist áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi menningu.
- Listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis er mikið. Verkefnið hefur öflugna nálgun, skýra heildarsýn eða sterkt faglegt samhengi. Verkefnið hefur mikil menningarleg áhrif í för með sér og/ eða hefur fræðslugildi á stærra svæði í landshlutanum eða á öllu Austurlandi. Verkefnið skapar störf á sviði menningar. Verkefnið tengist á skýran hátt áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi menningu.

SÉRHÆFT MAT UMSÓKNA UM STYRKI TIL ATVINNU- & NÝSKÖPUNARVERKEFNA

D-HLUTI

Hér er litið til þess hvernig verkefni snertir áherslupætti og markmið Uppbyggingarsjóðs Austurlands og hversu skýr og sannfærandi lýsing á atvinnu og nýsköpunargildi verkefnis kemur fram. Ennfremur er litið til þess hvort verkefni snerti áherslur og markmið menningar í Sóknaráætlun Austurlands

- Stuðningur við nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi, sérstaklega meðal ungs fólks.
- Áhersla á að liðka til fyrir kynslóðaskiptum í rekstri og yfirfærslu þekkingar í atvinnustarfsemi, framleiðslu og rekstri.
- Verkefni sem nýta betur eða á nýstárlegan hátt austfirsk hráefni, t.a.m. í landbúnaði, matvælaframleiðslu og iðnaði.
- Verkefni sem stuðla að nýtingu austfirsku skógarauðlindarinnar.
- Efling Austurlands sem áfangastaðar; ferðaþjónustuverkefna og sérstaklega verkefna sem miða að heilsárs-/vetrarferðamennsku.

Lagt er mat á nýsköpunargildi verkefnis og í því samhengi sprota og frumkvöðlastarf, sem eykur fjölbreytni eða sjálfbæra nýtingarmöguleika á einhverjum auðlindum Austurlands. Auk þess er mikilvægt að meta nýsköpun í greinum atvinnulífsins sem þegar hafa haslað sér völl og miða að því að bæta við möguleikum eða fullvinna. Litið er til þess hvort verkefni er atvinnuskapandi á Austurlandi og hvort því fylgi bein eða afleidd störf; tímabundin eða til lengri tíma og staðsetningu þeirra starfa.



Viðmiðunarpættir:

- Nýsköpunargildi
- Atvinnusköpun

Matspættir:

- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi ófullnægjandi Verkefnið tengist ekki eða óljóst áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi atvinnu og nýsköpun. Verkefnið skapar engin eða takmörkuð störf.
- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi nokkuð skýr. Verkefnið tengist áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi atvinnu og nýsköpun. Líkur eru á atvinnusköpun, a.m.k. tímabundið og/eða nýsköpun sem eykur styrk atvinnulífs á svæðinu. Nokkuð raunhæfar væntingar fylgja verkefninu um aukna fagmennsku og fjölbreytni.
- Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi mjög skýr og sannfærandi. Verkefnið tengist með skýrum hætti áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi atvinnu og nýsköpun. Verkefnið mun veita atvinnu og styrkja atvinnusköpun til lengri tíma. Miklar líkur á fjölgun starfa. Mjög raunhæfar væntingar fylgja verkefninu um aukna fagmennsku og fjölbreytni í störfum.

SÉRHÆFT MAT UMSÓKNA UM STOFN- & REKSTRASTYRK

E-HLUTI

Hér er litið til þess hvernig verkefni snertir áherslupætti og markmið Uppbyggingarsjóðs Austurlands og hversu skýr og sannfærandi lýsing á samfélagslegu, menningarlegu og/eða atvinnu- og nýsköpunargildi verkefnis kemur fram. Ennfremur er litið til þess hvort verkefni snerti áherslur og markmið Sóknaráætlunar Austurlands.

Stofn- og rekstrarstyrkir eru veittir lögaðilum á sviði menningar. Tilgangur þeirra er að styðja við starfsemi á sviði lista og menningar sem hefur ótvírætt menningar- og samfélagslegt gildi fyrir Austurland og hefur sannað gildi sitt með fyrri verkefnum. Einnig að styðja við stofnun verkefna sem á sannfærandi hátt búa yfir fagmennsku, skýrri hugsjón, framtíðarsýn og raunhæfum markmiðum.

Viðmiðunarpættir:

- Lögaðili í menningu
- Ótvírætt gildi fyrir Austurland
- Fagmennska
- Þróun, framsækni og tilraunum til sérstöðu

Matspættir:

- Umsækjandi er ekki lögaðili eða hefur afar takmarkaða starfssögu. Tilgangur starfsemi er óljós og gildi verkefnis fyrir Austurland er óljóst.
- Umsækjandi lýsir nokkurri fagmennsku og ákveðnum markmiðum eða framtíðarsýn. Menningar- og samfélagsgildi verkefnis fyrir Austurland er nokkuð sannfærandi.
- Umsækjandi lýsir mikill fagmennsku, skýrri hugsjón og sterkri framtíðarsýn. Markmið verkefnis eru skýr og menningar og samfélagslegt gildi verkefnis fyrir Austurland er ótvírætt.

MATSBLAÐ

	ENGIN STIG	3-5 STIG	8-10 STIG
A	Verklýsing	Umsókn uppfyllir ekki lágmarkskröfur.	Umsókn er vel unnin, skýr og greinagóð lýsing á verkefni.
	Fjármögnun	Áætlun um fjármögnun er óskýr og ótrúverðug	Áætlun um fjármögnun er skýr og trúverðug.
	Kostnaður	Kostnaðaráætlun er óskýr og óraunhæf.	Kostnaðaráætlun er skýr og raunhæf.
	Tímalína	Verk- og tímaáætlanir eru ekki fullnægjandi.	Frákvæmd verkefnis áætluð innan árs frá úthlutun en verk-áætlun ekki skýr.
B	Sóknaráætlun	Engin tenging er við markmið Sóknaráætlunar hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi.	Skýr tenging er við eitt eða fleiri markmið Sóknaráætlunar hvað varðar samfélag, menningu, atvinnu og umhverfi.
	Staðsetning	Verkefnið fer fram á Austurlandi en umsækjandi hefur enga tengingu við Austurland.	Verkefnið fer fram á Austurlandi og umsækjandi býr á Austurlandi.
	Samstarf	Samvinna/samstarf óverulegt eða ekki fyrir hendi. Ekki eru tengsl við fag- eða fræðastofnanir.	Samvinna/samstarf skýrt milli tveggja eða fleiri aðila. Sterk tengsl við fag- eða fræðastofnanir.
	Áhrif	Verkefnið hefur lítil samfélagsleg áhrif hvað varðar menningu og/eða atvinnulíf og virði þess fyrir samfélagið óljóst.	Nokkrar líkur á jákvæðum samfélagslegum áhrifum hvað varðar menningu og/eða atvinnulíf og hefur virði fyrir samfélagið. Verkefnið takmarkast við ákveðið svæði.
C	Hæfni	Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er ekki lýst á þann hátt í umsókn að það styðji við að verkefnið verði unnið á fullnægjandi hátt.	Þekkingu og reynslu umsækjanda (og samstarfsaðila) er lýst á þann hátt í umsókn að líkur eru á að umsækjandi geti framkvæmt verkefnið á fullnægjandi hátt.
	Líkur	Lítill líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga. Umsókn uppfyllir ekki matsviðmið á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnis er óljós eða ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir.	Líkur eru á að verkefnið nái fram að ganga og ætlaður árangur náist. Umsókn uppfyllir hluta matsviðmiða á sannfærandi hátt. Framkvæmd og afrakstur verkefnis er nokkuð skýr en ákveðnir þættir eru ekki skilgreindir á fullnægjandi hátt.
	Menning	Listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis er takmarkað. Verkefnið skortir faglega nálgun, heildarsýn eða faglegt samhengi, hefur takmörkuð menningarleg áhrif í för með sér, skapar engin eða afar takmörkuð störf á sviði menningar eða tengist ekki eða óljóst áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi menningu.	Listrænt eða menningarlegt gildi verkefnis er nokkuð. Verkefnið hefur mikla faglega nálgun, skýra heildarsýn eða sterk faglegt samhengi. Verkefnið hefur mikil menningarleg áhrif í för með sér og/eða hefur fræðslugildi á stærra svæði í landshlutanum eða á öllu Austurlandi. Verkefnið skapar störf á sviði menningar. Verkefnið tengist á skýran hátt áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi menningu.
	Atvinna	Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi ófullnægjandi. Verkefnið tengist ekki eða óljóst áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi atvinnu og nýsköpun eða skapar engin eða takmörkuð störf.	Lýsing á atvinnu- og/eða nýsköpunargildi nokkuð skýr. Verkefnið tengist áherslum og markmiðum Sóknaráætlunar varðandi atvinnu og nýsköpun. Líkur eru á atvinnusköpun a.m.k. tímabundið og/eða nýsköpun sem eykur styrk svæðisins. Nokkuð raunhæfar væntingar fylgja verkefni um aukna fagmennsku og fjölbreytni í störfum.
E	Stofn & rekstur	Umsækjandi er ekki lögaðili eða hefur afar takmarkaða starfssögu. Tilgangur starfsemi er óljós og gildi verkefnis fyrir Austurland er óljóst.	Umsækjandi lýsir mikill fagmennsku, skýrri hugsjón og sterkri framtíðarsýn. Markmið verkefnis eru skýr og menningar og samfélagslegt gildi verkefnis fyrir Austurland er ótvírátt.

Skilmálar Austurbrú - SSA

Með umsókn sinni samþykkir umsækjandi þá skilmála sem fram koma í úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Austurlands, og að verkefnið verði unnið í samræmi við þá verkefnislýsingu og verkáætlun sem fylgdi umsókninni, eða eftir endurskoðaðri áætlun sem hlotið hefur samþykki sjóðsins.

Í kynningu og opinberri umfjöllun um verkefnið skal getið um stuðning frá Sóknaráætlun Austurlands, þegar það á við.

Styrkþegi og forsvarismaður verkefnis bera ábyrgð á framkvæmd þess og skulu tryggja að öll tilskilin leyfi, notkun heimilda og aðrir lögbundnir þættir séu í lagi. Þeir bera jafnframt fjárhagslega ábyrgð á bókhaldi og framtalskyldum verkefnisins. Uppbyggingarsjóður áskilur sér rétt til aðgangs að bókhaldi verkefnisins, ef þess er óskað.

Greiðslufyrirkomulag styrks fer samkvæmt úthlutunarreglum Uppbyggingarsjóðs Austurlands.

Póstlisti Austurbrúar: Umsækjandi samþykkir jafnframt að Austurbrú megi hafa samband og bæta honum við póstlista sinn. Austurbrú sinnir öflugu atvinnu- og samfélagsþróunarstarfi og verða einungis sendar upplýsingar sem gætu skipt umsækjendum máli – s.s. um námskeið, hraðla, sjóði og aðra viðburði eða tækifæri sem nýtast í atvinnu- og verkefnaþróun.

Með því að haka við hér að ofan staðfestir umsækjandi einnig að hann hafi ekki fengið, og muni ekki þiggja, meira en 300.000 evrur í styrki frá opinberum aðilum á hverju þriggja ára tímabili, í samræmi við reglugerð ESB nr. 1407/2013 um almennar ríkisaðgerðir með

UPPBYGGINGARSJÓÐUR AUSTURLANDS

austurbru.is/uppbyggingarsjodur



AUSTURLAND